

STÆR1FB05**Kennsluáætlun****Viðfangsefni áfangans:**

Unnið verður með grunnþætti stærðfræðinnar og áhersla lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á undirstöðuatriðum. Farið verður yfir liðun og þáttun í algebru, velda- og rötareikning, hlutföll og prósentur sem og hnitakerfið. Jafnframt verður lagður grunnur að vönduðum vinnubrögðum í stærðfræði.

Námsgögn :

UPP Á PUNKT - höfundur: Kjartan Heiðberg . Útgefandi: Íðnu, 2009.

Ítarefni frá kennara .

Vasareikninir og rúðustrikuð vinnubók

Efni af neti t.d: Moodle. GeoGebra. Symbolab.

Námsmat:

Stöðupróf á önn	70%
Heima / Tímaverkefni	20%
Vinnubók	5%
Ástundun	5%

Nemendur eru hvattir til að sinna náminu samviskusamlega og tileinka sér skipulögð vinnubrögð en ástundun í tíma og einkunn fyrir vinnubók gilda samtals 10% af heildareinkunn áfangans. Þá verða lögð fyrir heimaverkefni og tímaverkefni sem ber að skila og gilda þau 20% af lokaeinkunn. Stöðupróf úr köflum gilda svo 70% af lokaeinkunn.

Ef nemandi nær ekki 50% af námsmarkmiðum annarinnar ber honum að taka lokapróf upp úr öllu námsefni annarinnar sem gildir 70% á móti 30% annareinkunn.

Ábending frá kennara:

Fjarvera úr tíma lengur en 10 mínútur jafngildir fjarvist úr kennslustund. Árangur næst aðeins ef nemandi mætir vel og stundvíslega í kennslustundir og stundar námið af alvöru.

Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennarans.

Yfirferðaráætlun:

Vika	Efni	Verkefnaskil
2.- 5. vika	Algebra – Liðun og Þáttun	Heimadæmi Tímaverkefni Stöðupróf
6.- 8. vika	Veldi	Heimadæmi Tímaverkefni Stöðupróf
9.-10.vika	Rætur	Tímaverkefni Stöðupróf
11.-12.vika 14.vika	Hlutföll og prósentur	Heimadæmi Stöðupróf
15.-17.vika	Hnitakerfið	Tímaverkefni Stöðupróf
18.-19.vika	Upprifjun	Tímaverkefni

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

F.Su , 5.janúar 2018

Renata Lis (RL)